

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í landi Hæðarenda.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. júní 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að tvö svæði fyrir frístundabyggð í landi Hæðarenda, bæði sunnan Búrfellsvegar stækka á kostnað landbúnaðarsvæðis. Vestara svæðið er um 25,3 ha að stærð og afmarkast af Hæðarendalæk að norðan og af áður skilgreindu svæði fyrir frístundabyggð að austanverðu. Austara svæði er um 6,6 ha að stærð og afmarkast af Hæðarendalæk að sunnan og af áður skilgreindu frístundabyggðarsvæði að vestan.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 14. júní 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2007